

Náttúrugreinar 1. - 3. bekkur 2025 - 2026

Kennarar: Birgitta Sveinsdóttir; Helga Sjöfn Pétursdóttir

1, 2, 3

Lýsing

Unnið út frá námsmarkmiðum í náttúrugreinum. Samþætting við Byrjendalæsi og aðrar greinar - s.s. list- og verkgreinar.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Unnið út frá námsviðmiðum í samfélags- og náttúrugreinum. Samþætting við Byrjendalæsi og aðrar greinar - s.s. list- og verkgreinar.

Innlögn og umræður með kennara. Nemendur vinna verkefni, munnlega, skriflega eða verklega, allt eftir því hvaða tilgangi verkefnaskilunum er ætlað að þjóna. Nemendur fá einnig tækifæri til að setja verkefni sín fram eftir eigin hugmyndum (skapandi skil) þar sem hægt er að koma því við. Mikið er lagt upp úr því að nemendur séu færir um að vinna á margvíslegan máta, einir eða í para- og hópvinnu eftir eðli verkefnanna.

Námsaðlögun

Kennari aðlagar verkefni að mismunandi þörfum nemenda - stytir og breytir ef þurfa þykir. Mikið er lagt uppúr að nemendur hafi sjálfir eitthvað um það að segja hvernig þeir skila og vinna verkefni.

Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Vinna í kennslustundum er metin sem og verkefni nemenda. Litlar kannanir eru gerðar af og til yfir skólaárið. Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

2025_Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Lífið

- Lýsir byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt.

2025_Náttúrugreinar fyrir 1.- 4. bekk - Alheimurinn

- Bendir á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn.
- Nefnir dæmi um hvernig land verður til og mótast.
- Fjallar um helstu hnetti í sólkerfinu.
- Nefnir dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.
- Gerir sér grein fyrir að flestar stjörnur á himninum eru sólar í öðrum sólkerfum.